

Næstu sýningar

OLIVER

Oliver 23/9 la kl. 20, frumsýn., uppselt
Oliver 24/9 su kl. 20, 2. sýn., uppselt
Oliver 28/9 fi kl. 20, 3. sýn., nokkur sæti
Oliver 29/9 fö kl. 20, 4. sýn., nokkur sæti
Oliver 30/9 la kl. 20, 5. sýn., nokkur sæti
Oliver 1/10 su kl. 15, 6. sýn., nokkur sæti
Oliver 1/10 su kl. 20, 7. sýning
Oliver 5/10 fi kl. 20, 8. sýning
Oliver 6/10 fö kl. 20, 9. sýning
Oliver 7/10 la kl. 20, 10. sýning
Oliver 8/10 su kl. 20, 11. sýning

Sýningum lýkur 29. október n.k.

Áskriftarkort

Pú færð 20% afslátt af almennu sýningarverði kaupir þú áskriftarkort. Fáðu þér áskriftarkort og tryggðu þér fast sæti. Sölu áskriftarkorta lýkur 1. október n.k.

Miðasalan

Afgreiðslan í miðasölu er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 13-20. Síminn er 11200.

Tekið er á móti pöntunum í síma 11200 á eftirtöldum tímum: Mánudaga kl. 10-12 og 13-17. Þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 13-20.

Greiðslukort.



ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ

ÍSLENSKA ÓPERAN

Brúðkaup Figarós

eftir W. A. Mozart



Hljómsveitarstjóri: Anthony Hose
Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir
Leikmynd: Nicolai Dragan
Búningar: Alexander Vassiliev
Lýsing: Jóhann B. Pálmason

Hlutverk: Keith Reed, Ólaf Kolbrún Harðardóttir, John Speight, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Viðar Gunnarsson, Hrónn Halldóttir, Sigurður Björnsson, Sigríður Gröndal, Inga J. Backman, Soffía H. Bjarnleifsdóttir.
Kór og hljómsveit Íslensku óperunnar.

Sýning laugard. 7. okt. kl. 20.00
sýning. sunnud. 8. okt. kl. 20.00
sýning föstud. 13. okt. kl. 20.00
sýning laugard. 14. okt. kl. 20.00
sýning föstud. 20. okt. kl. 20.00
sýning laugard. 21. okt. kl. 20.00
Síðasta sýning

Miðasala opin kl. 16.00-19.00 og til kl. 20.00 sýningardaga sími 11475.

ÍÞRÓTTAVIDBURÐIR FYRRI TÍMA

Þegar nafnskjöldur Íslands lá einn eftir á Ólympíuvellinum

Árið 1912 sendu Íslendingar í fyrsta skipti íþróttamenn á Ólympíuleika. Leikarnir voru haldnir í Stokkhólmi og voru fjórðu Ólympíuleikarnir í röðinni. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga við Dani var í algleymingi. Íslendingar vildu ganga undir eigin nafnskildi inn á leikvanginn. Formaður dönsku ólympíunefndarinnar neitaði að veita leyfið. Íslendingum tókst engu að síður að fá leyfið hjá danska innanríkisráðherranum. En danska ólympíunefndin kom í bakið á Íslendingunum.

Árið 1912 var merkilegt ár í íslenskrum íþróttasögu. Íþróttasamband Íslands var stofnað á öndverðu árinu eða 28. janúar og síðla vetrar ákvað stjórn þess að senda tvo keppendur og sýningarflokk í ísl. glímu til 4. Ólympíuleikanna, í Stokkhólmi. Þátttakendurnir héldu af stað til Svíþjóðar 13. júní og komu til Stokkhólms 12 dögum síðar.

Neitað um leyfi

Um þessar mundir var sjálfstæðisbaráttan við Dani í algleymingi og íslensku ólympíuförum var mikið í mun að fá að koma fram sem fulltrúar síns lands og með sérstökum nafnskildi við setninguna eins og aðrar þjóðir, en ekki í hópi danskra íþróttamanna. Danska ólympíunefndin gaf fyrirheit um þetta eftir mikla vafninga. En þegar á átti að herða lór svo, að Fritz Hansen, formaður nefndarinnar, neitaði að veita leyfið. Eftir að leitað hafði verið til Jóns Krabbe, skrifstofustjóra í Höfn, sem sneri sér til danska innanríkisráðherra, tókst að fá leyfi hjá honum með eiginhandarundirskrift.



Íslendingar sýna glímu á Ólympíuleikvanginum í Stokkhólmi 7. júlí 1912. Glímumennirnir eru Sigurjón Pétursson og Magnús Kjaran.

Setningardagur Ólympíuleikanna, 6. júlí, rann upp bjartur og fagur. Allir þátttakendur söfnuðust saman í Östermalmsgarði, en þaðan áttu þeir að ganga undir merkjum sínum inn á nýjan og glæstan leikvanginn, þar sem Gústaf konungur ætlaði að setja leikana. Íslendingarnir mættu snemma, voru í góðu skapi og létu gamanyrði fjúka.


Gert að ganga í hópi Dana

En skjótt skipast veður í lofti. Á elleftu stundu kom bréflæg tilkynning frá Fritz Hansen, formanni dönsku nefndarinnar, þar sem hann skýrði Íslendingunum frá því, að þeir ættu að ganga í miðjum hópi Dana. Landarnir urðu þrumu lostnir við þessi tíðindi, að Hansen skyldi ganga þannig á bak orða og skriflegs loforðs innanríkisráðherra. Menn höfðu ekki skap í sér til að eyða mörgum orðum við Hansen, en Sigurjón Pétursson snaradist á fund sænsku framkvæmdarnefndarinnar og krafðist þess að Íslendingar væru látnir ná rétti sínum.

En engu varð um þokað og Svíar sögðust ekki taka fram fyrir hendur dönsku nefndarinnar í þessu máli. Íslendingum þóttu þetta hörð málalok og samþykktu allir sem einn að ganga ekki inn á leikvanginn með þessum skilyrðum. Og þegar fylkingarnar lögðu af stað í skruðgönguna lá nafnskjöldur Íslands einn eftir á vellinum.

Góð byrjun

Sigurjón Pétursson var skráður keppandi í grísk-rómverskrum glímu, miðþungaflokkum B. Þátttakendur voru 29 í þessum flokki og var sá úr leik, sem tvisvar beið ósigur. Glíman fór fram á Ólympíuleikvanginum. Fyrsti andstæðingur Sigurjóns var Finninn Gústaf Lennart Lind. Sigurjón náði fljótt góðu taki á Finnannum, en honum tókst á síðustu stundu að smjúga úr því, og var þá fyrsta lota á enda. Eftir smáhvöld hófst glíman á ný og lagði Sigurjón Finnann eftir



Frá setningu Ólympíuleikanna í Stokkhólmi 1912. Framarlega á myndinni sést danski flokkurinn, sem var mjög fjölmennur. Í honum miðjum skyldu Íslendingar vera, en neitaðu allir sem einn maður.


skamma viðureign. Þetta þótti góð byrjun.

Sigurjón kærður

Í annarri umferð fékk Sigurjón annan Finna að nafni Johan Kustaa Salila, þekktan afreksmann. Eftir stutta viðureign kærði Finninn Sigurjón fyrir dómaramum og kvað hann hafa borið feiti á háls sér. Þetta var að sjálfsögðu ímyndun ein, en Sigurjón var nýkominn frá nuddlækni og því hugsanlega eilítið þvalur. Hann sagði frá þessu, en var eigi að síður sagt að þerra sig. Það fauk í Sigurjón og hann gekk allhvatlega á móti andstæðingnum, því að honum fannst áburðurinn lítillmannlegur og skipti það engum togum, að Sigurjón náði þegar á honum skæðasta bragði sínu, höfuðtaki með mjaðmarhnykk, og að vörmu spori féll Finninn. Mikil gleði ríkti í íslenska flokknum með frammi-stöðu Sigurjóns og Stokkhólmsblöðin töldu hann vera mjög hættulegan keppinaut Svíans Anders Ahlgren, sem margir spáðu sigri í þessum flokki.

Stórhættuleg brögð

Næst glímdi Sigurjón morguninn 10. júlí og enn var það finnskur andstæðingur að nafni Oscar Wiklund, rumur mikill og kraftalega vaxinn. Augljóst var að Wiklund var staðráðinn í að mæta ekki sömu örlögum og landar hans tveir. Finninn greip hvað eftir annað hægri handlegg Sigurjóns og lá á honum af öllum kröftum, svo að Sigurjón næði ekki höfuðtakinu



Sigurjón Pétursson

fyrir sama manni, Wiklund, en eftir miklu skemmi tíma. Íslendingar voru því vongóðir um, að Sigurjón mundi vinna hann. Trúlega hefur Sigurjón vanmetið andstæðinginn. Hann tefldi á tæpasta völdi, sótti brögðin langt og uggði ekki nægilega að sér. Ungverjinn var hinsvegar varkár, vissi vel um styrkleik mótherjans, en beið fær. Og er minnst varði hratt hann Sigurjóni leiftursnöggt frá sér. Valt Sigurjón einhvernvegin á bakið, en spratt sem elding á fætur. En dómarrinn taldi hann hafa snert dýnuna með herðunum, og glímunnunni var lokið.

Engin fyrstu verðlaun

Þótt Sigurjón væri nú úr leik og kæmist ekki í lokaglímuna var frammistaða hans með miklum ágætum. Karlmennska hans og áræði vöktu mikla addáun, einkum var rómað þrek hans í glímunnunni við Wiklund. Úrslit í þessum flokki urðu annars óvenjuleg, því enginn fékk fyrstu verðlaun. Svíinn Ahlgren og Finninn Böhling glímdu í níu klukkustundir (!) án þess að á milli yrði dæmt, og var þá ákveðið, að báðir skyldu hljóta silfurverðlaun. Þriðji varð Varga.

Íslensk glímusýning

Jón Halldórsson tók fyrstur Íslendinga þátt í frjálsíþróttakeppni Ólympíuleika 1912. Hann keppti í 100 metra hlaupi ásamt 78 öðrum hlaupurum. Hann hljóp í 8. riðli og varð fjórði, en tími var ekki gefinn upp nema á fyrsta manni. Jón var þar með úr leik, en árangur hans var allgóður eftir aðstæðum.

Loks skal getið um íslensku glímumennina, sem sýndu á Ólympíuleikvanginum 7. júlí við góðar undirtektir og hrifningu áhorfenda. Á síðasta degi leikanna, 15. júlí, var einnig efnt til glímumóts milli íslensku þátttakendanna og keppt um veglegan bikar, sem Íslendingar í Danmörku gáfu. Hallgrímur Benediktsson bar sigur úr býtum, Sigurjón Pétursson varð annar og Axel Kristjánsson þriðji. Vonast var til að keppt yrði um þennan bikar á Ólympíuleikum framtíðarinnar, en svo varð ekki, en talið er að umræddur bikar sé í vörslu alþjóða-Ólympíunefndarinnar í Lausanne.

(Heimildarit: Ólympíuleikarnir 1896-1956. Reykjavík 1957.)



Örn Eiddsson
skrifar